



**74. fundur  
skipulags- og byggingarnefndar Norðurbings  
haldinn í stjórnsýsluhúsi Norðurbings,  
miðvikudaginn 9. mars 2011 og hófst hann kl. 13:00**

**Fundinn sátu:**

Soffía Helgadóttir, Guðlaug Gísladóttir, Dóra Fjóla Guðmundsdóttir, Hilmar Dúi Björgvinsson, Unnur Katrín Bjarnadóttir, Gaukur Hjartarson,

**Fundargerð ritaði:** Gaukur Hjartarson, Skipulags- og byggingarfulltrúi

**Dagskrá:**

**1. 201103005 - Neyðarlínan hf. óskar eftir byggingarleyfi fyrir fjarskiptamastur og tækjahús á Húsavíkurfjalli**

Neyðarlínan ehf og Fjarskipti ehf óska eftir 400 m<sup>2</sup> lóð undir fjarskiptamastur og aðstöðuhús á Húsavíkurfjalli. Jafnframt er óskað eftir byggingarleyfi fyrir 30 m háu stálgrindarmastri og 8,7 m<sup>2</sup> aðstöðuhúsi.

Í kafla 23.22.4 í gildandi aðalskipulagi segir m.a. "Fjarskiptamöstur sem eru innan við 30 m há og fjarskiptamannvirki sem rúmast innan 300 fm lóðar eru heimil á landbúnaðarsvæðum, óbyggðum svæðum og opnum svæðum til sérstakra nota, iðnaðarsvæðum, athafnasvæðum og verslunarsvæðum ef unnt er að sýna fram á í deiliskipulagi að mannvirkin rýri ekki umhverfisgæði verulega. Sveitarstjórn getur heimilað slík mannvirki án deiliskipulags, að undangenginni grenndarkynningu ef einsýnt er að það hafi ekki áhrif á hagsmuni annara landeiganda eða aðra landnotkun.

Norðurbing er landeigandi á Húsavíkurfjalli. Ekki verður séð að fyrirhuguð mannvirki rýri umhverfisgæði verulega enda umrætt mastur af svipaðri hæð og það mastur sem þegar stendur á fjallinu. Ekki verður heldur séð að umrætt mannvirki hafi umtalsverð áhrif á aðra landnotkun á Húsavíkurfjalli.

Skipulags- og byggingarnefnd leggur því til við sveitarstjórn að umsækjendum verði veitt lóð til samræmis við umsóknina og jafnframt veitt byggingarleyfi fyrir þeim mannvirkjum sem óskað er eftir.

**2. 201102092 - Sigmar P. Mikaelsson sækir um byggingarleyfi fyrir garðhús á lóðinni að Holtagerði 16**

Fyrir liggur rissmynd af 12 m<sup>2</sup> húsi og skriflegt samþykki nágranna.

Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir erindið.

**3. 201102085 - Benedikt Kristjánsson f.h. Norðlenska sækir um leyfi til að setja iðnaðarhurð norðan á sláturhúsið**



Meðfylgjandi umsókn er rissmynd af fyrirhuguðum breytingum.

Skipulags- og byggingarfulltrúi samþykkti erindið 22. febrúar s.l.

Skipulags- og byggingarnefnd gerir ekki athugasemdir við þá afgreiðslu.

**4. 201009089 - Steinunn Sigurjónsdóttir sækir um byggingarleyfi fyrir viðbyggingu við frístundahúsið að Laxárlundi 3**

Erindið var áður tekið fyrir á fundi skipulags- og byggingarnefndar Norðurbings þann 13. október s.l. og þá sýnt á þeim grundvelli að fyrirhugað hús væri ekki í samræmi við deiliskipulag svæðisins.

Umsækjandi óskar nú endurupptöku málsins og skilar nú inn skriflegu samþykki næstu nágranna og fulltrúa landeigenda fyrir fráviki frá deiliskipulagi.

Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir erindið.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:00**